



Hættum að hata

málþing fjölmiðlanefndar og Mannréttindaskrifstofu Íslands um hatursorðræðu, á Fundi fólksins í Norræna húsinu, föstudaginn 2. september 2016.

Erindi fluttu *Margrét Steinarsdóttir*, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, *Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir*, fræðslustýra Samtakanna 78 og formaður Trans Ísland, *Kolbeinn Tumi Daðason*, aðstoðarritstjóri 365 miðla og umsjónarmaður Vísis og *Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir*, ritari Sjálfstæðisflokksins, en auk þeirra tók *Unnsteinn Manúel Stefánsson*, fjölmiðla- og tónlistarmaður, þátt í pallborðsumræðum. Fundarstjóri var *Arna Schram*, fulltrúi Blaðamannafélags Íslands í fjölmiðlanefnd.

Erindi

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, hóf umræðuna og byrjaði á að benda á skýrslu Mannréttindaskrifstofunnar um hatursorðræðu frá 2013, þar sem farið er yfir gildandi löggjöf og lagðar fram ábendingar til framtíðar. Á meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er að gera þurfi breytingu á lögum um fjölmiðla þar sem þau taki eingöngu til markviss hatursáróðurs fjölmiðla en ekki hatursorðræðu, þ.e. einstakra hatursfullra ummæla, eins og t.d. í athugasemdakerfum. Margrét tók fram að hún teldi suma fjölmiðla hafa uppi markvissan hatursáróður í skilningi laga. Hún sagði mikilvægt að stjórnvöld móti heildstæða stefnu varðandi jafnrétti og mismunun og setji sér aðgerðaáætlanir til að draga úr fordómum og mismunun í samfélaginu. Þá sé mikilvægt að fjölmiðlar setji sér siðareglur um umfjöllun um minnihlutahópa og viðhafi eftirlit með því að slíkum reglum sé framfylgt. Einnig þurfi fjölmiðlar og stjórnendur netsíðna að setja reglur um birtingu efnis sem flokkast geti sem hatursorðræða og þjálfblaðamenn í umfjöllun um minnihlutahópa og viðkvæma hópa. Loks nefndi Margrét að mikilvægt væri að gera átak í fjölmiðlalæsi hér á landi, sem miði að því aði fólk lesi fjölmiðla með opnum og gagnrýnum huga.

Ugla Stefanía hóf erindi sitt á því að bregða upp skjáskotum af hatursfullum ummælum sem hún hefur sjálf orðið fyrir á netinu. Hún nefndi að eftir því sem hún hafi orðið meira áberandi í samfélagsumræðunni hafi fleiri haft skoðun á því sem hún tekur sér fyrir hendur. Flestar séu þær jákvæðar en einnig séu dæmi um annað og verra. Til dæmis hafi skjáskot af myndbandi, sem hún og maki hennar hafi birt á Youtube, verið deilt á Facebook-síðu sem gangi beinlínis út á hatursfull ummæli um minnihlutahópa. Undir myndina hafi fólk ritað ýmsar svívirðingar í garð hennar og maka hennar. Ugla benti á að uppi sé grundvallarmisskilningur um það hvað tjáningarfrelsi gangi út á. Í hennar huga þýði lagalegt tjáningarfrelsi að það eigi að vernda einstaklinga fyrir ritskoðun og þöggunartilburðum yfirvalda, þegar verið sé að gagnrýna stefnur þeirra og störf. Í tjáningarfrelsinu felist ekki að fólki leyfist að segja öðru fólki að drepa sig, eins og hún hafi sjálf orðið fyrir. Haft geti miklar afleiðingar að leyfa slíkum hlutum að grassera. Nærtækasta dæmið um það sé seinni heimsstyrjöldin þar sem hatursáróður gegn Gyðingum hafi endað með ósköpum. Orð séu til alls fyrst, þau geti leitt til aðgerða sem geti svo aftur leitt til ofbeldis gegn ákveðnum hópum.



Í máli Kolbeins Tuma Daðasonar, aðstoðarritstjóra 365 miðla og umsjónarmanns Vísis, kom fram að athugasemdakerfi Vísis hafi verið opnað árið 2012. Ávallt sé lokað fyrir athugasemdir við fréttir af banaslysum, kynferðisbrotum og viðkvæmum málum. Vitað sé að betur þurfi að fylgjast með sumum málaflokkum en öðrum. Hrunmál og fréttir sem varða trúarbrögð og þá aðallega múslima, séu dæmi um það og eigi fólk til að fara yfir strikið í athugasemdum við slíkar fréttir. Athugasemdir á Vísí séu um 500-600 talsins á dag og umfangið því mikið. Kolbeinn Tumi nefndi að flestir íslenskir vefmiðlar væru með athugasemdakerfi, þó ekki allir. Hins vegar miðluðu flestir fréttamiðlar fréttum sínum á Facebook og flestir lesendur komi inn á miðlana í gegnum samfélagsmiðla. Því megi líta svo á að allir fjölmiðlar séu komnir með sín eigin ummælakerfi.

Kolbeinn Tumi benti á að ummælakerfi hefðu sína kosti og galla. Kostirnir væru þeir að þau væru vettvangur fyrir fólk til nýta tjáningarfrelsi sitt og taka þátt í umræðum. Ummælakerfi geti einnig verið uppspretta nýrra fréttu og tækifæri til að benda á það sem betur má fara eða vel er gert. Gallarnir séu þeir að til sé fólk sem beini umræðunni í vonda átt og fari yfir strikið í svivirðingum. Kolbeinn sagði starfsmenn Vísis fjarlægja ummæli daglega og viðhafa nokkuð stöðugt eftirlit. Hann vissi ekki til þess að nokkur vefmiðill væri með starfsmann í fullu starfi við að fjarlægja hatursfull ummæli úr athugasemdakerfum. 365 miðlar treysti á að lesendur láti vita þegar þeim misþýður eitthvað í athugasemdakerfi Vísis og starfsmenn Vísis hiki ekki við að fjarlægja ummæli eða jafnvel notendur, sérstaklega nafnlausa notendur.

Kolbeinn Tumi benti einnig á gallana við athugasemdakerfin, sem væru meðal annars þeir að umræðan þar væri oft á lágu plani en sagði 365 miðla telja hættulegt að setjast í það hásæti að meta hvað sé vitræn umræða og hvað ekki. Ýmislegt hafi breyst frá því Vísir og fleiri byrjuðu með athugasemdakerfi. Kannski muni athugasemdakerfi heyra sögunni til í framtíðinni en sem vísbendingu um það nefndi Kolbeinn Tumi að athugasemdakerfum erlendra vefmiðla væri að fækka. Að hans sögn mun það þó ekki leysa vandamálið og stendur ekki til af hálfu 365 miðla að leggja athugasemdakerfi Vísis af.

Áslaug Arna benti á að hún sæti í raun beggja vegna borðsins. Hún væri meistaraniemi í lögfræði sem skrifað hafi BA-ritgerð um hatursorðræðu stjórnámálanna. Einnig hafi hún sjálf orðið fyrir persónulegum og alvarlegum athugasemdum vegna stjórnmalapátttöku sinnar. Hafi hún viljað vekja athygli á því án þess að setja sig í hlutverk fórnarlamb. Áslaug Arna sagðist vilja sjá umræðuna færast á hærra plan. Engin furða sé að margir veigri sér við því að taka þátt í stjórnmálum þegar ekkert nema illmælgir og persónuníð mæti þeim. Sjálf hafi hún verið ung, eða 21 árs, þegar hún lét þau ummæli falla í símaviðtali við blaðamann að það ætti að vera hægt að kaupa sér hvítvín með humrinum á sunnudögum. Nú megi finna alls 300 ummæli við þessa frétt á DV.is. Nú sé fréttuæmt ef af henni birtist frétt á vefmiðlum án þess að ritað sé níðingskomment undir fréttina. Áslaug nefndi að áður fyrr hafi slík ummæli fallið á kaffistofum landsins en nú séu kaffistofurnar komnar á netið og ummælin opinber. Á sama tíma hafi fjölbreytni á Íslandi aukist og hatursorðræða birtist m.a. í deilum um málefni múslima og innflytjenda. Mikilvægt sé að ræða þessi mál. Opin og frjáls umræða sé versti óvinur hatursorðræðu og fordóma. Öllu frelsi fylgi ábyrgð og þar sé tjáningarfrelsið ekki undanskilið. Áslaug benti jafnframt á að tjáning sem framlag til stjórnálaumræðu njóti mestrar verndar, lítið svigrúm sé til takmarkana þegar umræðan er framlag til þjóðfélagsumræðu. Mikilvægt sé að greina á milli pólitískrar umræðu annars vegar og hatursorðræðu hins vegar og stíga verði varlega til jarðar áður en tjáningarfrelsinu verði settar frekari skorður.

Umræður

Í pallborðsumræðum og ábendingum úr sal kenndi ýmissa grasa. Unnsteinn Manúel Stefánsson, fjölmiðla- og tónlistarmaður, benti á orðræða í fjölmiðlum getur haft mikil áhrif. Til dæmis sé oft greint



frá hryðjuverkum í fréttum með ólíkum hætti eftir því hvort gerandinn er hvítur eða ekki. Ef gerandinn er hvítur sé frekar talað um voðaverk en hryðjuverk. Hafi þetta meðal annars komið berlega í ljós í fréttum af skotárás ungs manns í Þýskalandi á dögunum. Skotárásin hafi verið gerð fimm árum eftir hryðjuverk Anders Breivik í Noregi og hafi í fyrstu verið talað um voðaverk í fjölmiðlum. Um leið og borist hafi fréttir af því að maðurinn hafi verið af írönskum ættum hafi orðræða fjölmiðla breyst og orðið hryðjuverk notað í stað voðaverks. Þá talaði Unnsteinn um að athugasemdakerfi fjölmiðla væru skrímsli sem ekki væri hægt að stýra, nema vera með opnara samfélag og umræður. Mikilvægt sé að fjarlægja ummæli úr athugasemdakerfum sem séu beinlínis lygar.

Einn fundargesta sagði það skjóta skökku við að ekki hafi verið fjallað um hatursorðræðu á grundvelli holdafars á málþinginu. Í hvert sinn sem fjölmiðlar birta mynd af “hauslausum, feitum einstaklingi að borða skyndibita” þá afmennski það fólk í yfirþyngd. Kvaðst hún vonast til að fjölmiðlar breyttu vinnubrögðum sínum að þessu leyti.

Annar fundargestur vildi koma því á framfæri að í tengslum við Ólympíuleikana í sumar hafi erlendir fjölmiðlar fengið á baukinn fyrir „sexisma“ og „body shaming“. Þá hafi orðið vart við fordóma í umfjöllun fjölmiðla um trúarbrögð og þjóðerni. Fókusinn á málþinginu beinist of mikið að athugasemdakerfum fjölmiðla en þar séu einungis stöku vitleysingar að tjá sig. Fjölmiðlar beri ábyrgð á því að viðhalda upplýsingaflæðinu út til þessara aðila og séu athugasemdakerfin í raun afleiðing af umfjöllun fjölmiðla.

Þriðji fundargesturinn vildi koma þeirri ábendingu til fjölmiðla að notast ekki við svokallaðar „smellibrellur“ eða „click-baits“ í fyrirsögnum, sérstaklega ekki í fréttum sem fjalla um málefni múslima. Hann kvaðst hafa orðið vör við slíkar fyrirsagnir í tengslum við fréttir af deilum innan Samtakanna 78 en slíkt dragi að sér „leiðindaspjall“ í athugasemdakerfum. Það sé á herðum fjölmiðla að breyta þessu.

Fjórdi fundargesturinn, Björn Egilsson, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og SAFT, sagðist ekki geta tekið undir ummæli sem áður höfðu komið fram þess efnis að þeir sem viðhafi hatursorðræðu á netinu séu örfáir. Hatursorðræða grasseri á netinu, meðal annars á meðal barna og unglinga, sér í lagi á samfélagsmiðlum þar sem hægt er að skrifa athugasemdir undir nafnleynd.

Lokaorðin áttu frummælendur málþingsins og voru þeir sammála um að mikilvægt væri að ræða opinskátt um skaðsemi og afleiðingar hatursorðræðu og að hún geti leitt til voðaverka. Fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki í samfélagsumræðunni og þurfi að vanda sig mjög í orðræðu sinni því hún geti ýtt undir fordóma og staðalímyndir. Fram kom að fjölmiðlar fagna gagnrýni og taka fegins hendi ábendingum um það sem betur má fara. Þá voru frummælendur sammála um að orðum fylgi ábyrgð og mikilvægt sé að hvetja til umburðarlyndis og skilnings.